

Fundur svæðisráðs Norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs

Húsavík 27. október 2015

Mættir 14.00: Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir frá umhverfisverndarsamtökum, Óli Halldórsson frá Norðurþingi, Böðvar Pétursson frá Skútustaðahrepp, Ásvaldur Þormóðsson frá Þingeyjarsveit, Arnheiður Jóhannsdóttir frá ferðamálsamtökum, Grétar Ingvarsson frá samtökum útivistarfélaganna og Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður sem ritaði fundargerð gestir fundarins undir lið 1. voru Gaukur Hjartarson byggingar og skipulagsfulltrúi Norðurþings og Arnar Birgir Ólafsson arkitekt frá Landmótun.

DAGSKRÁ:

- Deiliskipulag Ásbyrgi, kynning á drögum að skipulagslýsingu og skipulagi (Arnar Birgir frá Landmótun) Gaukur kemur sem gestur
- Gerð rekstraráætlunar 2016
- Frumvarp um breytingar á lögum um Vatnajökulsþjóðgarð sjá <http://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/nr/2763>
- Erindi KN veitinga um rekstur veitingavagns í Ásbyrgi 2016
- Fréttir af starfinu (Hjörleifur Finnsson kynnir það helsta sem er á döfinni)
- Önnur mál

1. Deiliskipulag Ásbyrgi

Arnar Birgir kynnti drög að skipulagslýsingu og hugmyndum um nýtt skipulag. Ítarlega rætt um einstök atriði. Svæðisráð samþykkti eftirfarandi samhljóða nema annað sé tekið fram undir hverjum lið.

1. Að svæðið við sumarþúðirnar við Ástjörn verði ekki með í skipulaginu að þessu sinni. Það verði skipulagt seinna í samráði við Sjónarhæðarsöfnuðinn.
2. Í drögum að skipulagslýsingu kemur fram að skipulagssvæðið verði allt Ásbyrgi. Svæðisráð áréttar að skipulagssvæðið verði það sama og lagt var upp með fyrir utan svæðið við sumarþúðirnar við Ástjörn. Sigbrúður Stella vekur athygli á því að ákveðnir kostir eru við það að láta skipulagssvæðið ná yfir afmörkun vegar í Ásbyrgi og áningarstaða við hann.
3. Að skilgreind verði Torgsölusvæði/staðir á skipulagssvæðinu.
4. Að hestagerði verði á sama stað og það er nú, einnig verði gert ráð fyrir „reiðtygjageymslu“ en stærð hennar, hæð og litur verði skilgreindur þannig að hún falli sem best inn í umhverfið. Sigbrúður Stella vildi hins vegar færa gerðið vestur fyrir Eyju og tengja það við aðstöðu hestamanna í Eyjardal.

5. Að gera þurfi ráð fyrir 60 herbergja hóteli innan þjóðgarðs á reit austan Gljúfrastofu upp við kletta. Lóðin þurfi að liggja sem næst klettum, og þarf byggingin að falla inn í þá. Samnýta skal bílastæði með annarri þjónustu í kjarnanum. Sigbrúður Stella fellst ekki á þessa staðsetningu hótels og hafði efasemdir um stærð svæðisins og stækkun hótels síðar meir.
6. Að beina því til stjórnar þjóðgarðsins og bæjarstjórnar Norðurþings að staðsetningu hótels norðan vegar 85 verði breytt í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins og aðalskipulagi Norðurþings.
7. Að gera þurfi umhverfismat áætlana fyrir deiliskipulagið.
8. Að gengið verði frá skipulagslýsingu eins hratt og unnt er og hún send Norðurþingi.

2. Gerð rekstraráætlunar

Svæðisráð norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs telur brýnt að stjórn þjóðgarðsins taki upp þá almennu stefnu að gestastofur þjóðgarðsins verði opnar allt árið. Svæðisráð leggur áherslu á að í rekstraráætlun fyrir Norðursvæði verði gert ráð fyrir fjármunum til að halda Gljúfrastofu opinni allt árið, eins og tíðkast á tveimur gestastofum suðursvæðis.

Svæðisráð ítrekar að fjölgun starfsmanna á Norðursvæði hefur engan veginn verið í takti við fjölgun ferðamanna og verkefna. Nýr ferðmannastaður varð til við Holuhraun þar sem jarðminjar að óbreyttu verða í stórhættu, ef ekki kemur til aukning í landvörslu.

3. Fréttir úr rekstrinum

Gljúfrastofa var opin alla daga í október, vegna aukinnar ferðamennsku á svæðinu á axlartíma. September var sá langbesti síðan Gljúfrastofa opnaði, en þá heimsóttu hana um 3500 manns eða tvöfalt fleiri en á sama tíma í fyrra. Í október stefnir í að gestirnir verði um 1000 eða u.þ.b það sama og í september fyrir þremur árum.

Hjörleifur greindi frá því að Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir hálendisfulltrúi færi í fæðingarorlof í mars næstkomandi. Hann greindi einnig frá því að hann sjálfur hefði hug á að breyta um starf á næstu misserum.

4. Endurskoðun laga um Vatnajökulsþjóðgarð

Allnokkrir og nýir meðlimir svæðisráðs hafa ekki komið að endurskoðun laga um Vatnajökulsþjóðgarð. Svæðisráð ætlar að kynna sér fyrirbyggjandi breytingar og ræða á næsta fundi.

5. Umsókn um veitingavagn í Ásbyrgi

Svæðisráð fagnar áhuga KN veitinga um þjónustu í þjóðgarðinum. Að svo stöddu telur svæðisráð þó rétt að bíða eftir niðurstöðu deiliskipulagsvinnu um hvort og hvar eigi að gera ráð fyrir torgsölu.

6. Önnur mál

Ekki komu fram óskir um að ræða önnur mál.